

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 26. maí 1986

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi veltigrindur fyrir tiltekin byggingarsvæði

(86/295/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í sumum aðildarríkjanna er hönnun, smíði og prófun á veltigrindum fyrir tiltekna flokka véla og búnaðar á byggingarsvæðum háð innlendum ákvæðum um að þessar vélar og búnaður verði útbúinn slíkum grindum. Þetta getur leitt til hindrana í viðskiptum innan bandalagsins. Tilgangurinn með þessum ákvæðum er að skapa vernd fyrir stjórnanda vélar eða búnaðar. Því er nauðsynlegt að samræma þessi ákvæði.

Í tilskipun ráðsins 84/532/EBE frá 17. september 1984, um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um vélar og búnað á byggingarsvæðum <sup>(4)</sup>, er að finna skilgreiningu á nokkrum sameiginlegum aðgerðum, meðal annars EBE-gerðarviðurkenningu, EBE-gerðarprófun, EBE-yfirlýsingu framleiðanda í tengslum við markaðssetningu slíkra véla og búnaðar á byggingarsvæðum. Setja þarf reglur um EBE-gerðarprófun ásamt EBE-

skoðun á veltigrindum tiltekinna véla og búnaðar á byggingarsvæðum.

Þessi tilskipun er sértilskipun í skilningi annarrar málsgreinar 3. gr. tilskipunar 84/532/EBE.

Fyrirmæli um prófanir á prófunarstofum, hæfnisviðmiðanir og bjögunarmörk (DLV) hafa verið gefin út af Alþjóðlegu staðlastofnuninni (ISO). Vísa ber til þessara fyrirbyggjandi staðla.

Vegna tækniframfara er nauðsynlegt að tæknilegar forskriftir séu aðlagðar fljótt. Því ber að fara eftir tilhöguninni sem mælt er fyrir um í 24. gr. tilskipunar 84/532/EBE þegar aðlaga þarf þessa tilskipun að tækniframförum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Þessi tilskipun gildir um veltigrindur (ROPS) fyrir þær vélar og búnað sem skráður er í lið 2.1 í ISO-staðli 3471, annarri útgáfu frá 15. september 1980 og nefnist hér eftir ISO-staðall 3471/2.

*2. gr.*

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þær vélar og búnaður á byggingarsvæðum sem um getur í 1. gr. verði ekki settar á markað nema á þeim sé veltigrind við hæfi sem fullnægir kröfum þessarar tilskipunar og samræmist þeirri gerð grindar sem staðist hefur EBE-gerðarprófun í samræmi við tilskipun 84/532/EBE. Grindur þessar skulu hér eftir nefnast EBE-öryggisgrindur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 104, 28. 4. 1980, bls. 29.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 197, 4. 8. 1980, bls. 66.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 205, 11. 8. 1980, bls. 27.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 300, 19. 11. 1984, bls 111.

## 3. gr.

1. Samþykktu aðilarnir sem um getur í 9. gr. tilskipunar 84/532/EBE skulu eigi gefa út vottorð um EBE-gerðarprófun nema gerð EBE-öryggisgrindar uppfylli ákvæði I. viðauka við þessa tilskipun.

Heimilt er að EBE-gerðarprófun fari fram á prófunarstofu framleiðanda undir eftirliti samþykktu aðilans.

2. Öllum umsóknum um EBE-gerðarprófun á EBE-öryggisgrind skulu fylgja upplýsingar samkvæmt fyrirmyndinni í II. viðauka við þessa tilskipun.

3. Þrátt fyrir ákvæði tilskipunar 84/532/EBE gerir samþykkti aðilinn skýrslu, samkvæmt fyrirmyndinni í III. viðauka við þessa tilskipun, fyrir hverja gerð EBE-öryggisgrindar sem hefur verið prófuð, eins og kveðið er á um í I. viðauka við þessa tilskipun, ásamt því að gefa út vottorð um EBE-gerðarprófun samkvæmt fyrirmyndinni í V. viðauka við þessa tilskipun.

4. Þrátt fyrir ákvæði liðar 4.2 í I. viðauka við tilskipun 84/532/EBE, er einungis aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni heimilt að hafa undir höndum A-hluta prófunarskýrslunnar sem um getur í III. viðauka við þessa tilskipun og eftir atvikum tæknilegu upplýsingarnar úr B-hluta.

Samþykkti aðilinn sem hefur gefið út vottorð um EBE-gerðarprófun lætur skjalið af hendi við aðildarríki eða framkvæmdastjórnina að fenginni rökstuddri beiðni.

## 4. gr.

1. Hverri EBE-öryggisgrind skal fylgja samræmisvottorð í samræmi við 1. mgr. 18. gr. í tilskipun 84/532/EBE.

2. Framleiðanda EBE-öryggisgrindar ber að festa EBE-samræmismerki, eins og sýnt er í IV. viðauka, á læsilegan, varanlegan og óafmáanlegan hátt við hverja grind ásamt merkimiða í samræmi við 9. hluta í ISO-staðli 3471/2.

## 5. gr.

1. Þegar framleiðandinn eða viðurkenndur umboðsmaður hans, sem hefur staðfestu innan bandalagsins, hyggst hefja framleiðslu á EBE-öryggisgrind sem vottorð um EBE-gerðarprófun hefur verið gefið út fyrir skal hann:

- a) greina samþykktu aðilanum sem gaf út vottorðið um EBE-gerðarprófun frá:
  - framleiðslu- og/eða geymslustað fyrir varninginn innan bandalagsins,
  - því hvenær framleiðsla og/eða innflutningur hefst;
- b) heimila fulltrúum samþykktu aðilans aðgang að athafnasvæði sínu til að skoða téða framleiðslu- eða

geymslustaði og veita allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna slíkrar skoðunar;

c) láta af hendi sýnishorn, sem samþykkti aðilinn hefur valið til skoðunar, að fenginni beiðni þar um og innan hæfilegs tíma.

2. Handhafi EBE-merkis skal gæta þess að framleiðslan sé skoðuð reglulega þannig að fylgst sé með því með viðunandi hætti að EBE-öryggisgrindurnar samræmist þeirri gerð sem prófuð var að því er varðar efnisval og vinnubrögð.

## 6. gr.

1. Samþykktu aðilarnir gera skyndikannanir, eftir til-mælum aðildarríkisins sem tilnefndi þá ef við á, í því skyni að kanna hvort EBE-öryggisgrindur sem verið er að framleiða séu í samræmi við þá gerð sem þeir veittu vottorð um EBE-gerðarprófun.

Þessar kannanir gera samþykktu aðilanum kleift að ganga úr skugga um að framleiðandinn fylgist sjálfur með samræminu eins og um getur í 2. mgr. 5. gr.

Samþykkti aðilinn getur líka sjálfur beiðni um eða valið sýnishorn til að skoða. Síðari prófun í samræmi við I. viðauka, sem meðal annars felur í sér að EBE-öryggisgrind er eyðilögð og hugsanlega einnig burðargrindin, skal þá og því aðeins fara fram að rökstuddur grunur sé til að ætla að grindin uppfylli ekki þær kröfur sem viðurkenndu gerðinni er ætlað að uppfylla.

2. Ef framleiðslustaðurinn er í öðru aðildarríki en heimalandi samþykktu aðilans, sem gaf út vottorðið um gerðarprófun, er þeim aðila heimilt að hafa samvinnu við samþykktu aðilann í aðildarríkinu þar sem áðurgreindar skoðanir eiga að fara fram.

Hið sama gildir um geymslustaði.

3. Samþykktu aðilunum er heimilt á eigin ábyrgð að fela einni eða fleiri prófunarstofum að framkvæma skoðanir og prófanir.

## 7. gr.

1. Nú kemur í ljós við skoðanir þær sem um getur í 6. gr. að EBE-öryggisgrind samræmist ekki þeirri gerð sem fengið hefur vottorð um EBE-gerðarprófun, eða að misbrestur er á að öllum kröfum þessarar tilskipunar sé fullnægt, og skal þá samþykkti aðilinn beita einhverri eftirtalinna ráðstafana gagnvart handhafa EBE-merkis:

- a) viðvörðun, með kröfu um að láta af brotunum innan ákveðins frests;

- b) viðvörðun eins og um getur í a-lið, ásamt tíðari skoðun-um;
- c) tímabundinni afturköllun vottorðs um EBE-gerðarprófun;
- d) afturköllun til frambúðar á vottorði um EBE-gerðarprófun.

Einungis samþykktá aðilanum sem gaf út vottorðið um EBE-gerðarprófun er heimilt að gera þessar ráðstafanir.

2. Grípa skal til tveggja fyrsttöldu ráðstafananna þegar um er að ræða frávik sem ekki varða grunnhönnun EBE-öryggisgrinda eða minniháttar brot sem á engan hátt varða öryggi.

Grípa skal til annarrar af síðasttöldu ráðstöfununum þegar sýnt þykir að frávikin eða brotin séu meiri háttar eða af þeim stafi hætta.

3. Þegar vottorð um EBE-gerðarprófun er afturkallað tímabundið eða til frambúðar skal hinum samþykktu aðilunum og aðildarríkjunum tilkynnt um það tafarlaust.

8. gr.

Engu aðildarríki er heimilt á grundvelli ákvæða þessarar tilskipunar að hafna, banna eða takmarka markaðssetningu eða notkun á vélum þeim og búnaði á byggingarsvæðum sem um getur í 1. gr. og eru með viðunandi EBE-öryggisgrind.

9. gr.

1. Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til að laga við-  
auka þessarar tilskipunar að tækniframförum skulu gerðar í samræmi við þá tilhögun sem mælt er fyrir um í 24. gr. tilskipunar 84/532/EBE.

2. Sú tilhögun sem mælt er fyrir um í 21. gr. tilskipunar 84/532/EBE gildir ekki.

10. gr.

Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að tiltaka þær kröfur sem þau telja nauðsynlegar til að tryggja að starfsmenn séu varðir þegar þeir nota umræddan búnað, þó þannig að ákvæðum sáttmálans sé fylgt og að því tilskildu að búnaðinum verði ekki breytt á einhvern þann veg sem ekki er tiltekinn í tilskipun þessari.

11. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari innan 36 mánaða frá birtingu hennar <sup>(1)</sup> og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu láta þessi nýju ákvæði taka gildi 48 mánuðum eftir birtingu þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

12. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. maí 1986.

Fyrir hönd ráðsins,

G. BRAKS

forseti.

<sup>(1)</sup> Tilskipunin var birt aðildarríkjunum 30. maí 1986.

## I. VIDAUKI

1. EBE-öryggisgrind á vélar eða búnað á byggingarsvæðum verður að standast prófanir á prófunarstofum og uppfylla hæfnisviðmiðanir alþjóðastaðals ISO nr. 3471, (önnur útgáfa, 15. september 1980) á grundvelli bjögunarmarka (DLV) sem skilgreind eru í alþjóðastaðli ISO nr. 3164 (önnur útgáfa, 1. nóvember 1979) eins og honum var breytt með I. breytingu frá 1. desember 1980.
2. Ákvæðum liðar 7.5.2.7 í ISO-staðli nr. 3471 (önnur útgáfa, 15. september 1980) telst fullnægt ef álagshraði kraftsins F (hér getur t.d. verið um að ræða hraðann á vökvabúnaði sem skapar álagið) er ekki meiri en hér segir:

Massi tækjabúnaðarins (m) í kílógrömmum	Álagshraðinn í mm/sek.
$m \leq 20\ 000$	3
$m > 20\ 000 \leq 40\ 000$	2
$m > 40\ 000$	1

3. Þeir staðlar sem vísað er til í ISO-staðli 3471/2 eru sem hér segir:
  - ISO-staðall nr. 3164, önnur útgáfa frá 1. nóvember 1979, eins og honum var breytt með I. breytingu frá 1. desember 1980.
  - ISO-staðall nr. 3449, þriðja útgáfa, 15. apríl 1984,
  - ISO-staðall nr. 6165, útgefinn 1978,
  - ISO-staðall nr. 898/1, útgefinn 1978,
  - ISO-staðall nr. 898/2, útgefinn 1980.

## II. VIÐAUKI

## FYRIRMYND AÐ LÝSINGU ER FYLGI VELTIGRIND Á VÉLUM OG BÚNAÐI Á BYGGINGARSVÆÐUM VIÐ EBE-GERÐARPRÓFUN

1. **Viðkomandi búnaður**
  - 1.1. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....
  - 1.2. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda, ef við á: .....
  - 1.3. Tegund: .....
  - 1.4. Vörumerki eða viðskiptaheiti: .....
  - 1.5. Gerð: .....
  - 1.6. Massi búnaðar: .....kg (hámark miðað við að á búnaðinum sé veltigrind, venjulegir fylgihlutir og fullur eldsneytisgeymir en enginn ökumaður, hlass eða aftanívagn)
  - 1.7. Festing veltigrindar við búnaðinn, losanleg eða ekki-losanleg<sup>(1)</sup>
2. **Veltigrind (hafi framleiðandi búnaðarins ekki framleitt hana)**
  - 2.1. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....
  - 2.2. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda, ef við á: .....
  - 2.3. Vörumerki eða viðskiptaheiti: .....
  - 2.4. Gerð: .....
3. **Aðrar vélar eða búnaður á byggingarsvæðum sem festa má veltigrindina á:**
  - 3.1. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....
  - 3.2. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda, ef við á: .....
  - 3.3. Tegund: .....
  - 3.4. Vörumerki eða viðskiptaheiti: .....
  - 3.5. Gerð: .....
  - 3.6. Massi búnaðar: .....kg (hámark miðað við að á búnaðinum sé veltigrind, venjulegir fylgihlutir og fullur eldsneytisgeymir en enginn ökumaður, hlass eða aftanívagn)
  - 3.7. Festing veltigrindar við búnaðinn, losanleg eða ekki-losanleg<sup>(1)</sup>

---

<sup>(1)</sup> Strikið yfir það sem ekki á við.

## III. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ PRÓFUNARSKÝRSLU UM VELTIGRIND FYRIR VÉL-  
AR OG BÚNAÐ Á BYGGINGARSVÆÐUM

Prófunarskýrsla nr.: .....

Nafn og heimilisfang samþykks aðila: .....

Nafn og heimilisfang prófunarstofu þar sem prófunin fór fram: .....

Nafn þess sem framkvæmdi prófunina: .....

## A-HLUTI

## 1. Lýsing á veltigrind — burðargrind

1.1. Vél eða búnaður á byggingarsvæði sem burðargrindin var prófuð á

1.1.1. Nafn og heimilisfang framleiðanda og, ef við á, nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa hans: .  
.....

1.1.2. Tegund: .....

1.1.3. Vörumerki eða viðskiptaheiti og gerð: .....

1.1.4. Framleiðslunúmer, ef við á: .....

1.1.5. Númer burðargrindar: .....

1.2. Veltigrind

1.2.1. Nafn og heimilisfang framleiðanda og, ef við á, nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa hans: .  
.....

1.2.2. Vörumerki eða viðskiptaheiti og gerð: .....

1.2.3. Framleiðslunúmer, ef við á: .....

1.2.4. Númer veltigrindar: .....

## 2. Upplýsingar framleiðanda

2.1. Massi viðkomandi vélar eða búnaðar: .....kg (hámark miðað við að á búnaðinum sé veltigrind, venjulegir fylgihlutir og fullur eldsneytisgeymir en enginn ökumaður, hlass eða aftánivagn)

2.2. Upplýsingar um bjögunarmörk (DLV) samkvæmt teikningu nr. ....(Teikning í mælikvarðanum 1:10 fylgir prófunarskýrslunni. Sýna ber veltigrindina framan frá og frá hlið ásamt aðliggjandi hlutum vélar eða búnaðar, sæti og bjögunarmörk (DLV) miðað við rétta stöðu þess. Gefa ber upp helstu mál veltigrindarinnar.)

## 3. Lágmarkskröfur um styrk veltigrindar

3.1. Krafturinn F .....N við hliðarálag

3.2. Orkunotkun U ..... J við hliðarálag

3.3. Gildið á M ..... kg við lóðrétt álag

4. **Staðfesting**
- 4.1. Lágmarkskröfum um styrk eins og þær eru skráðar í ISO 3471, annarri útgáfu, 15. september 1980, var fullnægt í þessari prófun á vél eða búnaði á byggingarsvæðum sem vegur ..... kg
- 4.2. Prófunardagur: .....

## B-HLUTI

1. **Mælitæki**
- 1.1. Lýsing á þeim tækjum sem notuð eru: .....
- 1.2. Nákvæmni tækjanna með hliðsjón af ISO-staðli 3471, annarri útgáfu, 15. september 1980: . . . . .  
.....  
.....
2. **Ljósmyndir** (ein ljósmynd skal sýna fyrirkomulagið aftan frá eða framan frá og önnur frá þeirri hlið sem álagið kemur á)
- 2.1. Áður en hliðarálagi er beitt
- 2.2. Við hámarkshliðarálag eða nálægt því
- 2.3. Áður en lóðréttu álagi er beitt
- 2.4. Við lóðrétt hámarksálag eða nálægt því
3. **Niðurstöður prófunarinnar**
- 3.1. *Hliðarálag*
- 3.1.1. Hámarksorka sem beita þurfti til að grindin færi að gefa eftir án þess þó að einhver hluti hennar eða undirlagið færi inn fyrir bjögunarmörk (DLV): ..... N
- 3.1.2. Orkunotkun án þess að einhver hluti grindarinnar eða undirlagið færi inn fyrir bjögunarmörk (DLV): ..... J
- 3.2. *Lóðrétt álag*
- Hámarksþungi sem beita þurfti til að grindin færi að gefa eftir án þess þó að einhver hluti hennar eða undirlagið færi inn fyrir bjögunarmörk (DLV): ..... kg
- 3.3. *Hitastig*
- 3.3.1. Við mælingarnar var hitastig veltigrindar og burðargrindar vélarinnar ..... °C eða stálhlutar veltigrindarinnar sýndu eftirfarandi Charpy-V-notch höggþol í samræmi við EURONORM 45 – 63 ..... J við -30° C hjá ..... × ..... mm prófunarhlutanum.
- 3.3.2. Styrkleikaflokkur bolta: .....og  
róa: .....sem notaðar voru.
- 3.4. *Frásveigjugraf*
- Frásveigjugraf í samræmi við ISO-staðal 3471, aðra útgáfu frá 15. september 1980 fylgir.
- Staður: ....., dagsetning: .....

.....  
(Undirskrift)

## IV. VIÐAUKI

**EBE-SAMRÆMISMERKI**

EBE-merkið sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar er stílfært  $\epsilon$  innan í sexhyrningi og:

- í honum ofanverðum er raðnúmer sem sértilskipanirnar fá eftir því hvenær þær eru samþykktar ásamt auðkennisstöfum ríkisins þar sem viðurkenningin er veitt (B fyrir Belgíu, D fyrir Sambandslýðveldið Þýskaland, DK fyrir Danmörku, EL fyrir Grikkland, ES fyrir Spán, F fyrir Frakkland, I fyrir Ítalíu, IRL fyrir Írland, L fyrir Lúxemborg, NL fyrir Holland, P fyrir Portúgal og UK fyrir Breska konungsríkið) og síðustu tveir stafirnir tákna útgáfuár vottorðsins um EBE-gerðarprófun. Ráðið mun úthluta númerinu á sértilskipuninni, sem vottorðið um EBE-gerðarprófun vísar til, eftir að þessi tilskipun hefur verið samþykkt;
- í neðri hluta hans komi númer vottorðsins um EBE-gerðarprófun.

Dæmi um þetta merki er sýnt hér að neðan:

Dæmi:

Vottorð um EBE-gerðarprófun sem samþykktur aðili í Sambandslýðveldinu Þýskalandi veitti árið 1979 í samræmi við þessa tilskipun.

Vottorð um EBE-gerðarprófun nr.

Þvermál hrings sem umlykur merkið skal eigi vera minna en 20 mm.

Samræmismerkið verður að festa rétt við hliðina á merkiplötunni eða á hana.

Ef veltigrind og varnarhlíf vegna fallandi hluta eru sambyggðar skulu samræmismerkin tvö sýnd hlið við hlið.

—

## V. VIÐAUKI

## FYRIRMYND AÐ VOTTORÐI UM EBE-GERÐARPRÓFUN Á VELTIGRIND

Nafn samþykks aðila: .....

Tilkynning um gerðarprófun vegna samhæðra krafna: .....

.....  
 .....

Gerðarprófun nr.: .....

1. Flokkur, tegund, gerð eða viðskiptaheiti: .....

2. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....

.....

3. Nafn og heimilisfang vottorðshafa: .....

.....

4. Lagt fram til gerðarprófunar hinn: .....

5. Vegna eftirgreindra samhæðra krafna: .....

6. Prófunarstofa: .....

.....

7. Dagsetning prófunarskýrslu og númer hennar: .....

8. Dagsetning gerðarprófunar: .....

9. Eftirtalin skjöl, sem öll bera sama númer og gerðarprófunin, fylgja vottorðinu: .....

.....

.....

10. Gerð og númer burðargrindar sem prófun fór fram á: .....

.....

11. Massi vélar eða búnaðar sem prófun fór fram á: .....

.....

12. Aðrar upplýsingar: .....

.....

.....

.....

Staður: ....., dagsetning: .....

.....

(Undirskrift)

\_\_\_\_\_